

Fyrirspurn

til utanríkisráðherra um verkefni á vegum Atlantshafsbandalagsins í Afganistan.

Frá Birgi Þórarinssyni.

- Hver eru heildarútgjöld ríkissjóðs vegna þátttöku í verkefnum á vegum Atlantshafsbandalagsins í Afganistan, frá því að Ísland hóf þátttöku árið 2003 og þar til þeim lauk með brotthvarfi bandalagsins frá Afganistan með valdatöku talíbana árið 2021?
- Í hverju fólust verkefnin og hversu margir útsendir starfsmenn sinntu þeim, sundurliðað eftir árum frá 2003 til 2021?
- Hvaða reynslu og lærdóm má draga af þátttöku Íslands í verkefninu?

Skriflegt svar óskast.